

Reikningskilaráð ríkisins

72. Fundur – 14. júní 2023 kl. 09:00

Fundargerð

Fundinn sátu:

- Reikningskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Björn Þór Hermannsson og Hrafnhildur Arnkelsdóttir. Anna Birgitta Geirfinnsdóttir tók þátt í fundinum í gegnum Teams.
- Guðmundur Björgvin Helgason og Birgir Finnbogason frá Ríkisendurskoðun.
- Fjóla Agnarsdóttir frá Hagstofu Íslands.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 71. fundar var samþykkt. Þar kom m.a. fram samþykkt að heimila frestun í ríkisreikningi 2022 á innleiðingu IPSAS staðla nr. 13, 35, 36, 37 og 38.

2. Ríkisreikningur 2022, staða

Farið var yfir drög að ríkisreikningi fyrir árið 2022. Ríkisreikningur fyrir árið 2022 sem verður birtur er samstæða A-hluta alls (A1, A2 og A3) og B-hluta, sem er í samræmi við innleiðingu IPSAS. Á næsta ári er gert ráð fyrir að ríkisreikningur fyrir árið 2023 verði birtur sem samstæða A, B og C og þá verður fullum samstæðureikningi náð. Einnig hefur verið útbúinn reikningur fyrir A1 hluta sem er þá samanburðarhæfur við reikning sem var birtur fyrir árið 2021. Í skýringum með reikningnum verður birt skýring þar sem flokkunin verður aðgreind í A1, A2, A3 og B hluta.

Breytt og víðari skilgreining á A-hluta hefur haft mikil áhrif á vinnslu ríkisreiknings 2022 og gerð samstæðu fyrir hann hefur tekið töluverðan tíma. Jafnframt hefur samstæða A- og B-hluta tekið sinn tíma. Loks hafði breytt skipan ráðuneyta og verkaskiptingar milli þeirra í ársbyrjun 2022 mikil áhrif við vinnslu reikningsins. Ríkisendurskoðun og fjármála- og efnahagsráðuneytið hafa einnig þurft góðan tíma til að lesa yfir reikninginn og koma með tillögur um úrbætur þar sem við á. Vegna alls þessa hefur þurft að nýta allan þann frest sem lög um opinber fjármál heimila stefnt er að því að reikningurinn liggi fyrir fyrir lok júní í samræmi við LOF.

3. Önnur mál.

Ekki var annað rætt og fundi slitið kl. 10:15.

Næsti fundur verður miðvikudaginn 28. júní kl. 09:00.